

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Kónsvegur 5, L167566.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi fyrir lóðina Kónsveg 5, L167566, í landi Úthlíðar. Lóðin stækkar til suðurs, var 3.325,9 m² og verður alls 4.626,4 m² að stærð eftir breytingu. Afmörkun byggingarreits breytist ekki né eru gerðar breytingar á byggingarskilmálum. Kvöð er á lóðinni um óskertan umferðarrétt um Kónsveg sem liggur um syðri hluta lóðarinnar. Samþykkt í sveitarstjórn 7. nóvember 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 5. febrúar 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 20. febrúar 2020